

**Fjármála- og efnahagsráðherra f.h. ríkissjóðs
annars vegar**

og

**Félag opinberra starfsmanna á Austurlandi, Félag opinberra starfsmanna
á Vestfjörðum, Starfsmannafélag Dala- og Snæfellssýslu, FOSS - stéttarfélag í
almannapjónustu, Starfsmannafélag Garðabæjar, Starfsmannafélag Fjallabyggðar,
Starfsmannafélag Fjarðabyggðar, Starfsmannafélag Hafnarfjarðar, Starfsmannafélag
Húsavíkur, Starfsmannafélag Kópavogs, Starfsmannafélag Suðurnesja og
Starfsmannafélag Vestmannaeyja**

hins vegar

gera með sér svofellt

SAMKOMULAG

um breytingar og framlengingu á kjarasamningi aðila

1. gr.

Gildistími

Gildandi kjarasamningur aðila framlengist frá 1. maí til 31. mars 2019 með þeim breytingum og fyrirvörum sem í samkomulagi þessu felast og fellur þá úr gildi án frekari fyrirvara.

2. gr.

Launahækkunir

Laun samkvæmt grein 1.1.1 hækki sem hér segir:

- 1.05. 2015: Laun hækka um 25.000 kr. eða að lágmarki um 7,7%, sbr. meðfylgjandi launatöflu.
- 1.06. 2016: 6,5%
- 1.06. 2017 Ný launatafla. Við innröðun skal hverjum starfsmanni tryggð 4,5% hækkun, sjá nánar bókun 5.
- 1.06. 2018 3%
- 1.02. 2019 Sérstök eingreiðsla, 55.000 kr., greiðist hverjum starfsmanni miðað við fullt starf og sem er við störf í desember 2018 og er enn í starfi í janúar 2019. Upphæðin greiðist hlutfallslega miðað við starfstíma og starfshlutfall í desember.

3.gr.

Persónuuppbót og orlofsuppbót

Persónuuppbót (desemberuppbót) á samningstímanum verður sem hér segir:

Á árinu 2015	78.000 kr.
Á árinu 2016	82.000 kr.
Á árinu 2017	86.000 kr.

Á árinu 2018 89.000 kr.

Orlofsuppbót á samningstímanum verður sem hér segir:

Á árinu 2015 42.000 kr.

Á árinu 2016 44.500 kr.

Á árinu 2017 46.500 kr.

Á árinu 2018 48.000 kr.

4.gr.

Stofnanapáttur og röðun starfa

Frá 1. júní 2017 þegar breytt launatafla tekur gildi breytist grein 1.2 og verður svohljóðandi:

1.2 Röðun starfa og mat álags

1.2.1 Við ákvörðun um röðun starfa í launaflokka skal fara eftir gr. 11.3.2.1.

1.2.2 Meta skal persónu- og tímabundna þætti, sbr. gr. 11.3.2.2 og 11.3.2.3, sem álagsþrep.

Frá 1. júní 2017 verður 11. kafli svohljóðandi:

11.1 Skilgreining

11.1.1 Stofnanasamningur er hluti af kjarasamningi og er meðal annars ætlað að stuðla að skilvirkara launakerfi sem tekur mið af þörfum og verkefnum stofnunar og starfsmanna hennar. Hann er sérstakur samningur milli stofnunar og stéttarfélags um aðlögun tiltekinna þátta kjarasamningsins að þörfum stofnunar og starfsmanna með hliðsjón af eðli starfsemi, skipulagi og/eða öðru því sem gefur stofnun sérstöðu. Samstarfsnefndir eða nefndir samkvæmt gr. 11.4.1 annast gerð og breytingar stofnanasamninga.

11.2 Markmið

11.2.1 Aðilar kjarasamningsins eru sammála um að markmið þeirra, með að færa í hendur stofnunar og stéttarfélags/starfsmanna hennar útfærslu tiltekinna þátta kjarasamningsins, er að styrkja starfsemi viðkomandi stofnunar þegar til lengri tíma er litið og skapa þannig forsendur fyrir betri starfsskilyrðum starfsmanna.

Einnig að færa ákvörðun um launasetningu starfa nær starfsvettvangi þar sem hægt er að bregðast hraðar við breytingum sem eiga sér stað á störfum og skipulagi stofnana.

11.2.2 Markmið stofnanasamnings er að efla samstarf starfsmanna og stjórnenda á vinnustað til þess að auka gæði opinberrar þjónustu. Einnig að gefa starfsmönnum tækifæri til að þróast og bæta sig í starfi og þar með að auka möguleika á bættum kjörum.

Samstarfinu er ætlað að bæta rekstrarskipulag stofnunar, bæta nýtingu rekstrarfjármagns og skapa grundvöll fyrir aukinni hagræðingu og skilvirkara launakerfi.

11.3 Gerð stofnanasamnings

- 11.3.1 Við gerð stofnanasamnings skal semja um röðun starfa í launaflokka skv. 11.3.2.1 og þar skulu fyrst og fremst metin þau verkefni og sú ábyrgð sem í starfinu felst auk þeirrar færni (kunnáttustig/sérhæfing) sem þarf til að geta innt starfið af hendi. Starfslýsing er ein af forsendum röðunar starfa í launaflokka og skal hún endurskoðuð í takt við þróun viðkomandi starfs og skal þá jafnframt endurmeta röðun starfsins. Meta skal persónu- og tímabundna þætti til röðunar í álagsþrep. Slíkt álag skal háð endurmati. Tímabundnir þættir geta verið breytilegir frá einum tíma til annars. Forsendur álagspáttá skulu endurskoðaðar við breytingar á starfssviði starfsmanns eða eftir nánari útfærslu í stofnanasamningi.
- 11.3.2 Við ákvörðun á röðun starfa verði almennt byggt á því að um sé að ræða þrjá þætti sem mynda samsetningu launa hjá hverjum og einum. Þættirnir eru:
- 11.3.2.1 **Röðun starfs.** Röðun miðist við að um viðvarandi/stöðugt verksvið sé að ræða og skulu skilgreiningar starfaflokkunar Hagstofunnar (nú ÍSTARF95, 2. útgáfa) hafðar til hliðsjónar. Þar skulu fyrst og fremst metin þau verkefni og ábyrgð (svo sem stjórnun) sem í starfinu felast auk þeirrar færni (menntun/kunnáttustig/sérhæfing) sem þarf til að geta innt starfið af hendi. Þá skal litið til þess hvar tiltekið starf er staðsett innan skipurits stofnunar eða annars formlegs starfsskipulags.
- 11.3.2.2 **Persónubundnir þættir.** Laun fyrir persónubundna þætti eru varanleg enda umbun fyrir t.d. kunnáttu eða reynslu viðkomandi starfsmanns. Dæmi um persónubundna þætti:
Sérstök þekking eða færni sem nýtist í starfi, þar með talin sérstök fagreynsla sem gerir starfsmann verðmætari í starfi.
Markaðsálag eða eftirspurnarálag.
Sjálfstæði í vinnubrögðum, frumkvæði eða góður árangur í starfi.
Aukin hæfni starfsmanns, t.d. formleg menntun eða framtak starfsmanns við að afla sér símenntunar og þekkingar sem að gagni kemur í starfi, t.d. með starfstengdum námskeiðum. Sérstaklega skal meta formlegt nám sem lokið er með viðurkenndri prófgráðu.
Starfsaldur hjá stofnun (umbun fyrir tryggð við stofnun) eða sambærilegum stofnunum (umbun fyrir yfirfærslu þekkingar eða vinnubragða).
- 11.3.2.3 **Tímabundnir þættir** eru t.d. frammistaða eða álag vegna tímabundinna viðbótarverkefna. Dæmi um tímabundna þætti:
Frammistaða umfram kröfur og/eða væntingar byggðar á fyrirfram skilgreindum mælanlegum viðmiðum.
Tímabundin aukin ábyrgð.
Innleiðing verkefna.
Þróun og nýsköpun.
Sérstakt álag og erfiðleikastig.
Vinnutímasveigjanleiki og liðlegheit.
Öflun nýrra verkefna og hugmynda.
- 11.3.2.4 Þættir skv. 11.3.2.3 eru eingöngu metnir til röðunar í álagsþrep. Tímabundnir þættir eru oftast einstaklingsbundnir en geta þó einnig tengst hópum og jafnvel árangri hópa.

Ofangreindir þættir geta verið breytilegir frá einum tíma til annars og álag á laun því breytilegt. Ofangreinda þætti skal endurskoða við breytingar á starfssviði starfsmanns eða eftir nánari útfærslu í stofnanasamningi.

11.4 Skipan og hlutverk samstarfsnefnda

11.4.1 Hjá þeim stofnunum ríkisins sem fara með framkvæmd kjarasamninga í umboði fjármálaráðherra, skal komið á sjálfstæðum samstarfsnefndum, sem skipaðar eru allt að 3 fulltrúum frá hvorum aðila, þ.e. stéttarfélagi/starfsmönnum og stofnun og 3 til vara. Að öllu jöfnu skal trúnaðarmaður á vinnustað vera í forsvari í nefndinni af hálfu félags. Forstöðumaður tilnefnir fulltrúa stofnunar.

Samstarfsnefnd hafi m.a. það hlutverk að fjalla um forsendur starfaflokkunar, röðun einstakra starfa í launaflokka og koma á sáttum í ágreiningsmálum sem rísa kunna út af samningi þessum. Eins skal nefndin fjalla um röðun starfa skv. 25. gr. laga nr. 94/1986, um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

11.4.2 Hjá þeim stofnunum sem ekki fara með framkvæmd kjarasamninga skulu samningsaðilar með sama hætti tilnefna allt að 3 fulltrúa í samstarfsnefnd og 3 til vara. Fjárýsla ríkisins annast, samkvæmt framsali, þátt fjármálaráðherra fyrir þær stofnanir sem ekki fara með framkvæmd kjarasamninga.

11.5 Starfshættir samstarfsnefnda

11.5.1 Vegna gerðar/endurskoðunar stofnanasamnings.

Fulltrúar í samstarfsnefnd geta óskað eftir endurskoðun stofnanasamnings telji þeir að umtalsverðar breytingar hafi orðið á forsendum hans. Sem dæmi um breytingar á forsendum má nefna breytingar í miðlægum kjarasamningi og breytingar á umfangi, hlutverki eða starfsemi stofnunar. Hvor aðili um sig getur kallað nefndina til starfa.

Koma skal á samstarfsnefndarfundi svo fljótt sem auðið verður en þó ekki síðar en fjórum vikum eftir að erindið berst.

Skal þá metið hvort forsendur hafi breyst þannig að ástæða sé til að gera breytingar á samningnum.

Verði aðilar sammála um breytingar skal fella þær inn í gildandi stofnanasamning og staðfesta hann þannig breytan. Að jafnaði skal stofnanasamningur endurskoðaður á tveggja ára fresti.

11.5.2 Hvor aðili um sig getur skotið ágreiningsefnum til nefndarinnar og kallað hana til starfa. Beina skal erindi til gagnaðila með skriflegum hætti. Gagnaðili skal koma á samstarfsnefndarfundi svo fljótt sem auðið verður en þó ekki síðar en fjórum vikum eftir að erindið berst. Samstarfsnefnd skal svara erindum innan 5 vikna frá því að þau voru fyrst borin formlega fram á fundi nefndarinnar. Verði samstarfsnefnd sammála um breytingar á röðun eða öðru því sem til hennar hefur verið vísað, skal sú breyting gilda frá og með næstu mánaðamótum eftir að erindið var fyrst formlega borið fram í nefndinni nema annað sé sérstaklega ákveðið.

5. gr. Vaktavinna

Gr. 2.6.2 breytist og verður sem hér segir:

Þar sem unnið er á reglubundnum vöktum skal leggja fram drög að vaktskrá 6 vikum áður en hún tekur gildi. Við gerð vaktskrár skal kappkostað að uppsöfnun vinnutíma sé takmörkuð eins og frekast er unnt. Starfsmenn fá í framhaldinu einnar viku svigrúm til að gera athugasemdir og óska eftir breytingum á fyrirbyggjandi drögum að vaktskrá. Endanleg vaktskrá skal svo lögð fram mánuði áður en fyrsta vakt skv. skránni hefst nema samkomulag sé við starfsmenn um skemmri frest. Ef vaktskrá er breytt með skemmri fyrirvara en 24 klst. skal viðkomandi starfsmanni greitt aukalega 3 klst. í yfirvinnu. Sé fyrirvarinn 24–168 klst. (ein vika) skal greiða 2 klst. í yfirvinnu.

Hér er eingöngu átt við breytingu á skipulagðri vakt en ekki aukavakt.

6. gr. Réttur starfsmanna vegna veikinda og slysa

Gr. 12.8.1 breytist og verður sem hér segir:

Foreldri/forráðamaður á rétt á að vera frá vinnu í samtals 12 vinnudaga (96 vinnuskyldustundir miðaða við fullt starf) á hverju almanaksári vegna veikinda barna sinna undir 13 ára aldri enda verði annarri umönnun ekki við komið. Í þessum fjarvistum skal greiða starfsmanni dagvinnulaun og vaktaálag skv. reglubundinni varðskrá/vaktskrá. Réttur þessi hefur ekki áhrif á rétt starfsmanns skv. öðrum greinum.

7. gr. Samningsforsendur og atkvæðagreiðsla

Komi til þess að samkomulag náist á almennum vinnumarkaði um breytingu á kjarasamningum þeirra skulu BSRB og SNR taka upp viðræður um hvort og þá með hvaða hætti slík breyting taki gildi gagnvart samningum aðildarféлага BSRB.

Verði samningum á almennum vinnumarkaði sagt upp á grundvelli forsenduákvæðis þeirra á gildistíma samnings þessa er BSRB, fyrir hönd aðildarféлага sinna, heimilt að segja samningum upp með þriggja mánaða fyrirvara miðað við mánaðamót.

Ef ný forsenduákvæði verða tekin upp sbr. lið 2, c og d, í rammasamkomulagi milli aðila vinnumarkaðarins þá munu þau forsenduákvæði koma í stað framangreindra ákvæða.

Samningsaðilar skulu bera samning þennan, ásamt bókunum og fylgiskjölum, upp til samþykktar. Hafi gagnaðila ekki borist tilkynning um niðurstöðu fyrir klukkan 16:00 þann 18. nóvember 2015 skoðast hann samþykktur.

Reykjavík, 9. nóvember 2015

f.h. fjármála- og efnahagsráðherra
með fyrirvara um samþykki

f.h. Félags opinberra starfsmanna á Austurlandi
með fyrirvara um samþykki félagsmanna

f.h. Félags opinberra starfsmanna á Vestfjörðum
með fyrirvara um samþykki félagsmanna

f.h. FOSS, stéttarfélags í almannajónustu, með
fyrirvara um samþykki félagsmanna

f.h. Starfsmannafélags Dala- og Snæfellssýslu
með fyrirvara um samþykki félagsmanna

f.h. Starfsmannafélags Fjallabyggðar með
fyrirvara um samþykki félagsmanna

f.h. Starfsmannafélags Fjarðarbyggðar með
fyrirvara um samþykki félagsmanna

f.h. Starfsmannafélags Garðabæjar með fyrirvara
um samþykki félagsmanna

f.h. Starfsmannafélags Hafnarfjarðar með fyrirvara um samþykki félagsmanna

f.h. Starfsmannafélags Húsavíkur með fyrirvara um samþykki félagsmanna

f.h. Starfsmannafélags Kópavogs með fyrirvara um samþykki félagsmanna

f.h. Starfsmannafélags Suðurnesja með fyrirvara um samþykki félagsmanna

f.h. Starfsmannafélags Vestmannaeyjabæjar með fyrirvara um samþykki félagsmanna

Bókanir með samkomulagi
fjármála- og efnahagsráðherra f.h. ríkissjóðs
og
viðkomandi bæjarstarfsmannafélaga
9. nóvember 2015

Bókun 1

Aðilar gerðu með sér samkomulag í sumar um frestun viðræðna og gáfu sér sameiginlega tíma til loka september til að ljúka samningsgerð. Við úrskurð gerðardóms í framhaldi af lagasetningu í kjaradeilu BHM annars vegar og Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga hins vegar skapaðist veruleg óvissa um stöðu kjaraviðræðna almennt. Vegna þessarar alvarlegu stöðu voru teknar upp viðræður milli samningsaðila á vinnumarkaði um leiðir til að ná samræmdri lausn á þessari stöðu. Sú niðurstaða náðist hjá stærstum hluta vinnumarkaðarins og er þessi samningur gerður undir þeim formerkjum. Aðilar hafa orðið ásáttir um að vegna þessa óvissutímabils gildir samningur frá 1. maí 2015.

Bókun 2

Markmið samningsins er að viðhalda dreifstýringu/stofnanasamningskerfinu í því skyni að efla samkeppnisstöðu ríkisstofnana og auka tækifæri starfsmanna til að hafa áhrif á eigin launabróun, með því að færa launasetningu nær vettvangi og laga hana að þörfum hverrar stofnunar fyrir sig. Leitast verður við að gera stofnanasamningakerfið skilvirkara til að tryggja sameiginlega hagsmuni.

Aðilar eru sammála um að efla þurfi og viðhalda þekkingu þeirra forsendna og markmiða sem liggja að baki því fyrirkomulagi launaákvæðana sem kjarasamningar aðila byggja á. Fyrirkomulag launaákvæðana tengist aðferðarfræði heildstæðrar mannauðsstjórnunar og er mikilvægur þáttur í röð samfelldra aðgerða er varða mat á starfi og hvernig það þróast með skipulegum hætti.

Til að tryggja það hafa aðilar orðið ásáttir um að fela starfshópi skipuðum fulltrúum samningsaðila að undirbúa og skipuleggja fræðsluáttak um gerð og inntak stofnanasamninga fyrir stofnanir og stéttarfélög í tengslum við væntanlega endurskoðun þeirra. Starfshópurinn hugi jafnframt að framtíðarfyrirkomulagi slíkrar fræðslu.

Starfshópurinn undirbúi og skipuleggi fræðsluátakið í samstarfi við aðra þar á meðal Fræðslusetrið Starfsmennt.

Markmiðið er að fræðsluátakinu verði lokið fyrir 31. október 2016 og fyrir liggja áætlun um með hvaða hætti þessu starfi verði fram haldið.

Bókun 3

Aðilar eru sammála um að skipa stýrihóp með fulltrúum ríkis, aðildarfélag BSRB og fulltrúa frá Félagi forstöðumanna ríkisstofnana, í því augnamiði að setja á laggirnar *ráðgjafamiðstöð/stuðningsteymi* um stofnanasamningsgerð í samstarfi við hlutaðeigandi starfsmenntunarsjóði og/eða fræðslusetur. Ráða skal sérfræðing/-a á sviði stofnanasamningsgerðar til að halda utan um verkefnið. Stuðningsteymið annist fræðslu og ráðgjöf til samstarfsnefnda á stofnunum og eftir atvikum komi að stofnanasamningsgerðinni sjálfri sem utanaðkomandi óháður ráðgjafi. Markmiðið er að auka gæði

stofnanasamningsgerðar, efla þátt stofnanasamninga og virkni í starfi stofnana og bæta þekkingu samstarfsnefndanna með það að leiðarljósi að auka gæði opinberrar þjónustu. Fjármögnun þessa verkefnis verði á hendi þróunar- og símenntunarsjóða.

Stýrihópnum er heimilt að leita eftir samstarfi við fleiri stéttarfélög.

Bókun 4

Á undanförunum árum hafa störf þróast og breyst á mörgum vinnustöðum ríkisins og hefur starfsfólkið bæði aflað sér þekkingar og þjálfunar til að takast á við þessi breyttu störf og starfsumhverfi. Þessi aukna færni hefur ekki í öllum tilfellum verið metin sem skyldi til launa. Til að bæta úr þessu eru aðilar sammála um að verja allt að 9.627.251 kr. á ársgrundvelli til að leiðrétta laun tiltekinna hópa innan félaganna sem eru aðilar að þessum samningi samkvæmt nánara samkomulagi (sjá fylgiskjal II). Þá er átt við kostnaðarauka stofnana að meðtöldum launatengdum gjöldum. Breyting samkvæmt þessu tekur gildi 1. janúar 2016.

Bókun 5

Þann 1. júní 2017 tekur gildi ný launatafla sem byggir á álagsþrepum í stað aldursþrepa. Til að auðvelda vörpun í nýja töflu samkvæmt endurskoðuðum stofnanasamningum verður heimilt að ráðstafa allt að 44.526.035 kr. á ársgrundvelli til yfirfærslunnar. Þá er átt við kostnaðarauka stofnana að meðtöldum launatengdum gjöldum (sjá fylgiskjal II).

Við vörpun er tryggt að enginn fái minna en sem nemur 4,5% hækkun. Í einhverjum tilvikum gæti þurft að varpa einstaklingi í hærri flokk/þrep en röðunarforsendur gera ráð fyrir. Til að fá frekari hækkun á röðun verður viðkomandi fyrst að uppfylla skilyrði samkvæmt nýjum röðunarforsendum.

Bókun 6

Aðilar eru sammála um að leita samstarfs um endurskoðun á helstu atriðum 2. kafla kjarasamninga um vinnutíma. Meginmarkmið endurskoðunarinnar er að stuðla að bættu skipulagi vinnutíma og auka sveigjanleika á vinnustöðum ríkisins sem þjóni bæði hagsmunum ríkisins sem atvinnurekanda og starfsfólki þess.

Endurskoðun leiði ekki til kjararárnunar að öðru jöfnu.

Þegar tillögur liggja fyrir verður tekin ákvörðun um hvort breytingar á kaflanum séu þess eðlis að greiða skuli atkvæði um þær.

Bókun 7

Samningsaðilar eru sammála um að leita eftir samstarfi við þá aðila sem undirrituðu þann 24. október 2000, samkomulag um tiltekin réttindi starfsmanna, þar á meðal vegna veikinda og slysa. Komið skal á fót nefnd sem falið verði að endurskoða í heild kafla 12 í kjarasamningum aðila þar sem horft verður m.a. til eftirfarandi atriða:

- Endurskoðun á framkvæmd talningar veikindadaga.
- Að brugðist sé við veikindum á vinnustöðum með samræmdum og fyrirsjáanlegum hætti.
- Að tryggja að starfsmaður geti komið til starfa/aðlögunar á vinnustað eftir langtímaveikindi.

- Að tryggja rétt starfsmanns sem er í ráðningarsambandi og í starfsendurhæfingu hjá Virk til að snúa aftur til starfa.
- Skoða samband iðgjalds í fjölskyldu- og styrktarsjóð og lengdar veikindaréttar.

Stefnt skal að því að tillögur liggi fyrir eigi síðar en 31. desember 2016.

Bókun 8

Aðilar eru sammála um að starfsmönnum með viðeigandi háskólamenntun verði ekki gert að skipta um stéttarfélag við það eitt að ábyrgðarsviði og kröfum í starfi þeirra sé breytt þannig að gerð verði krafa um háskólamenntun í þeim störfum sem um ræðir. Óski starfsmaðurinn eftir óbreyttri stéttarfélagsaðild skal samstarfsnefnd stofnunar taka ákvörðun um röðun og röðunarforsendur starfs þannig að laun og starfskjör verði sambærileg fyrir sömu og sambærileg störf á stofnun án tillitis til stéttarfélagsaðildar. Í þessu sambandi verði sérstaklega litið til þeirra breytinga sem koma til framkvæmda 1. júní 2016 á 11. kafla kjarasamninga háskólafélaga.

Eftirfarandi bókun úr kjarasamningi undirrituðum árið 2014 heldur gildi sínu:

Bókun 1

Aðilar eru sammála um að framlengja bókun 1 með síðasta kjarasamningi um sérstakt tímabundið framlag til Fræðslusetursins Starfsmenntar óbreyttri út komandi samningstímabil.

Eftirfarandi bókun úr kjarasamningi undirrituðum árið 2011 heldur gildi sínu:

Bókun 3

Aðilar eru sammála um að tilefni sé til að bæta og tryggja bótarétt þeirra starfsmanna sem slasast við að sinna eða hafa afskipti af fólki sem að takmörkuðu eða engu leyti getur borið ábyrgð á gerðum sínum. Ljóst er að starfsmenn sem eru félagsmenn í stéttarfelögum sem eiga aðild að þessum samningi þurfa í mörgum tilfellum að umgangast og vera innan um fólk sem ekki gengur að öllu leyti heilt til skógar eða getur verið sjálfum sér og öðrum hættulegt. Hluti af starfsskyldum þessara starfsmanna getur falist í því að grípa inn í og stöðva hættulegt atferli hjá viðkomandi. Komið geta upp aðstæður þar sem slíkt verður ekki gert án þess að viðkomandi starfsmaður setji sjálfan sig í ákveðna hættu á því að slasast við framkvæmd starfs síns. Þekkt eru dæmi um að starfsmenn hafa orðið fyrir áverkum í slíkum tilfellum.

Þá er jafnframt ljóst að auknar líkur eru á því að starfsmenn sem vinna við slíkar aðstæður verði fyrir árás af hendi þeirra sem þeim er ætlað að hafa umsjón eða eftirlit með. Rétt þykir að tryggja þessum starfsmönnum bótarétt vegna þess tjóns sem þeir þannig verða fyrir.

Aðilar eru sammála um að hefðbundin skilgreining á því hvað sé slys í skilningi váttryggingaréttar og tryggingaskilmála (óvæntur utanaðkomandi atburður) eigi ekki við í öllum tilfellum í störfum ofangreindra starfsmanna. Þannig geta komið upp tilfelli þar sem starfsmaður þarf vísitandi að leggja líf sitt og heilsu í hættu vegna þess að starf hans beinlínis krefst þess. Því er í ákvæði greinar 7.1.6 lagt til að starfsmaður fái bætt það tjón sem hann verður fyrir vegna starfs síns við þessar aðstæður. Um lækkun bóta vegna eigin sakar

starfsmanns og ákvörðun bótafjárhæðar að öðru leyti gilda almennar reglur skaðabótaréttarins. Með grein 7.1.6 er kveðið á um sambærilega bótaábyrgð og framkvæmd og gildir um lögglumenn samkvæmt 30. grein lögglulaga.

Fylgiskjal I með samkomulagi
fjármála- og efnahagsráðherra f.h. ríkissjóðs
og
viðkomandi bæjarstarfsmannafélögum
9. nóvember 2015

Lágmarkslaun fyrir fullt starf, fullar 173,33 unnar stundir á mánuði (40 stundir á viku), skulu vera sem hér segir fyrir starfsmenn 18 ára og eldri sem starfað hafa fjóra mánuði samfellt hjá sömu stofnun:

Frá 1. október 2015	245.000 kr.
Frá 1. júní 2016	260.000 kr.
Frá 1. júní 2017	280.000 kr.
Frá 1. júní 2018	300.000 kr.

Mánaðarlega skal greiða uppbót á laun viðkomandi starfsmanna sem ekki ná framangreindum fjárhæðum, en til launa í þessu sambandi teljast allar greiðslur, þ.m.t. hverskonar álags-, aukagreiðslur og yfirvinna, sem fellur til innan ofangreinds vinnutíma.

Laun fyrir vinnu umfram 173,33 stundir á mánuði og endurgjald á útlögðum kostnaði reiknast ekki með í þessu sambandi.

Fylgiskjal II með samkomulagi
fjármála- og efnahagsráðherra f.h. ríkissjóðs
og
viðkomandi bærstarfsmannafélögum
9. nóvember 2015

	ár 2015	ár 2017
FOSS- stéttarfélag í almannapjónustu	2.058.168	9.519.027
Félag opinberra starfsmanna á Austurlandi	1.323.640	6.121.836
Félag opinberra starfsmanna á Vestfjörðum	1.171.411	5.417.777
Starfsmannafélag Dala- og Snæfellsnessýslu	228.863	1.058.490
Starfsmannafélag Garðabæjar	156.691	724.694
Starfsmannafélag Hafnarfjarðar	399.219	1.846.386
Starfsmannafélag Húsavíkur	787.825	3.643.690
Starfsmannafélag Suðurnesja	1.191.534	5.510.844
Starfsmannafélag Kópavogs	195.120	902.432
Starfsmannafélag Fjarðabyggðar	861.779	3.985.729
Starfsmannafélag Fjallabyggðar	250.591	1.158.984
Starfsmannafélag Vestmannaeyjabæjar	1.002.410	4.636.148
	9.627.251	44.526.035

Fylgiskjal III með samkomulagi
fjármála- og efnahagsráðherra f.h. ríkissjóðs
og
viðkomandi bæjarstarfsmannafélögum
9. nóvember 2015

Launatafla gildi frá 1. maí 2015:

	1	2	3	4	5	6
001	226.406	228.166	229.953	231.767	233.608	235.476
002	229.953	231.767	233.608	235.476	237.372	239.297
003	233.608	235.476	237.372	239.297	241.251	243.234
004	237.372	239.297	241.251	243.234	245.247	247.290
005	241.251	243.234	245.247	247.290	249.364	251.469
006	245.247	247.290	249.364	251.469	253.605	255.773
007	249.364	251.469	253.605	255.773	257.974	260.208
008	253.605	255.773	257.974	260.208	261.525	263.826
009	257.974	260.208	261.525	263.826	265.162	266.583
010	261.525	263.826	265.162	266.583	268.989	269.532
011	263.412	264.833	267.239	267.782	270.261	271.877
012	267.239	267.782	270.261	271.877	273.431	275.023
013	270.261	271.877	273.431	275.023	276.654	278.325
014	273.431	275.023	276.654	278.325	280.136	281.988
015	276.654	278.325	280.136	281.988	283.781	285.616
016	280.136	281.988	283.781	285.616	288.493	291.413
017	283.781	285.616	288.493	291.413	294.377	297.386
018	288.493	291.413	294.377	297.386	300.440	303.540
019	294.377	297.386	300.440	303.540	306.686	309.879
020	300.440	303.540	306.686	309.879	313.120	316.410
021	306.686	309.879	313.120	316.410	319.778	323.262
022	313.120	316.410	319.778	323.262	326.798	330.388
023	319.778	323.262	326.798	330.388	334.031	337.729
024	326.798	330.388	334.031	337.729	341.482	345.292
025	334.031	337.729	341.482	345.292	349.159	353.478
026	341.482	345.292	349.159	353.478	357.951	361.336
027	349.159	353.478	357.951	361.336	364.790	369.467
028	357.951	361.336	364.790	369.467	373.085	376.878
029	364.790	369.467	373.085	376.878	380.744	384.091
030	373.085	376.878	380.744	384.091	389.384	394.849
031	380.744	384.091	389.384	394.849	400.395	406.026
032	389.384	394.849	400.395	406.026	411.740	417.542
033	400.395	406.026	411.740	417.542	423.429	429.405
034	411.740	417.542	423.429	429.405	435.471	441.627
035	423.429	429.405	435.471	441.627	447.875	454.218
036	435.471	441.627	447.875	454.218	460.656	467.189
037	447.875	454.218	460.656	467.189	473.822	480.553
038	460.656	467.189	473.822	480.553	487.388	494.323
039	473.822	480.553	487.388	494.323	501.361	508.507
040	487.388	494.323	501.361	508.507	515.759	523.122
041	501.361	508.507	515.759	523.122	530.592	538.175
042	515.759	523.122	530.592	538.175	545.871	553.685
043	530.592	538.175	545.871	553.685	561.613	569.663
044	545.871	553.685	561.613	569.663	577.830	586.124
045	561.613	569.663	577.830	586.124	594.540	603.081
046	577.830	586.124	594.540	603.081	611.752	620.553
047	594.540	603.081	611.752	620.553	629.487	638.552
048	611.752	620.553	629.487	638.552	647.756	657.096
049	629.487	638.552	647.756	657.096	666.578	676.201
050	647.756	657.096	666.578	676.201	685.967	695.883
051	666.578	676.201	685.967	695.883	705.944	716.159
052	685.967	695.883	705.944	716.159	726.527	737.048
053	705.944	716.159	726.527	737.048	747.728	758.570
054	726.527	737.048	747.728	758.570	769.574	780.741
055	747.728	758.570	769.574	780.741	792.075	803.582
056	769.574	780.741	792.075	803.582	815.259	827.113

Launatafla tekur gildi 1. júní 2016

	1	2	3	4	5	6
001	241.122	242.997	244.900	246.832	248.793	250.782
002	244.900	246.832	248.793	250.782	252.801	254.851
003	248.793	250.782	252.801	254.851	256.932	259.044
004	252.801	254.851	256.932	259.044	261.188	263.364
005	256.932	259.044	261.188	263.364	265.573	267.814
006	261.188	263.364	265.573	267.814	270.089	272.398
007	265.573	267.814	270.089	272.398	274.742	277.122
008	270.089	272.398	274.742	277.122	278.524	280.975
009	274.742	277.122	278.524	280.975	282.398	283.911
010	278.524	280.975	282.398	283.911	286.473	287.052
011	280.534	282.047	284.610	285.188	287.828	289.549
012	284.610	285.188	287.828	289.549	291.204	292.899
013	287.828	289.549	291.204	292.899	294.637	296.416
014	291.204	292.899	294.637	296.416	298.345	300.317
015	294.637	296.416	298.345	300.317	302.227	304.181
016	298.345	300.317	302.227	304.181	307.245	310.355
017	302.227	304.181	307.245	310.355	313.512	316.716
018	307.245	310.355	313.512	316.716	319.969	323.270
019	313.512	316.716	319.969	323.270	326.621	330.021
020	319.969	323.270	326.621	330.021	333.473	336.977
021	326.621	330.021	333.473	336.977	340.564	344.274
022	333.473	336.977	340.564	344.274	348.040	351.863
023	340.564	344.274	348.040	351.863	355.743	359.681
024	348.040	351.863	355.743	359.681	363.678	367.736
025	355.743	359.681	363.678	367.736	371.854	376.454
026	363.678	367.736	371.854	376.454	381.217	384.822
027	371.854	376.454	381.217	384.822	388.501	393.482
028	381.217	384.822	388.501	393.482	397.335	401.375
029	388.501	393.482	397.335	401.375	405.493	409.056
030	397.335	401.375	405.493	409.056	414.694	420.514
031	405.493	409.056	414.694	420.514	426.421	432.417
032	414.694	420.514	426.421	432.417	438.503	444.682
033	426.421	432.417	438.503	444.682	450.952	457.317
034	438.503	444.682	450.952	457.317	463.777	470.333
035	450.952	457.317	463.777	470.333	476.987	483.742
036	463.777	470.333	476.987	483.742	490.598	497.556
037	476.987	483.742	490.598	497.556	504.620	511.789
038	490.598	497.556	504.620	511.789	519.068	526.454
039	504.620	511.789	519.068	526.454	533.949	541.560
040	519.068	526.454	533.949	541.560	549.283	557.124
041	533.949	541.560	549.283	557.124	565.080	573.156
042	549.283	557.124	565.080	573.156	581.353	589.674
043	565.080	573.156	581.353	589.674	598.118	606.691
044	581.353	589.674	598.118	606.691	615.389	624.222
045	598.118	606.691	615.389	624.222	633.185	642.282
046	615.389	624.222	633.185	642.282	651.516	660.889
047	633.185	642.282	651.516	660.889	670.404	680.058
048	651.516	660.889	670.404	680.058	689.860	699.807
049	670.404	680.058	689.860	699.807	709.905	720.154
050	689.860	699.807	709.905	720.154	730.555	741.115
051	709.905	720.154	730.555	741.115	751.831	762.709
052	730.555	741.115	751.831	762.709	773.751	784.956
053	751.831	762.709	773.751	784.956	796.330	807.877
054	773.751	784.956	796.330	807.877	819.596	831.489
055	796.330	807.877	819.596	831.489	843.560	855.815
056	819.596	831.489	843.560	855.815	868.251	880.876

Launatafla tekur gildi 1. júní 2017:

	0	1	2	3	4	5	6	7	8
001	255.680	262.073	268.465	274.857	281.249	287.641	294.033	300.425	306.817
002	261.995	268.544	275.094	281.644	288.194	294.744	301.294	307.844	314.393
003	268.465	275.176	281.888	288.599	295.311	302.023	308.734	315.446	322.157
004	275.094	281.972	288.849	295.726	302.604	309.481	316.358	323.236	330.113
005	281.888	288.935	295.982	303.029	310.077	317.124	324.171	331.218	338.265
006	288.849	296.070	303.291	310.513	317.734	324.955	332.176	339.398	346.619
007	295.982	303.382	310.781	318.181	325.580	332.980	340.379	347.779	355.179
008	303.291	310.874	318.456	326.038	333.621	341.203	348.785	356.367	363.950
009	310.781	318.551	326.320	334.090	341.859	349.629	357.398	365.168	372.937
010	318.456	326.417	334.379	342.340	350.302	358.263	366.224	374.186	382.147
011	326.320	334.478	342.636	350.794	358.952	367.110	375.268	383.426	391.584
012	334.379	342.738	351.098	359.457	367.817	376.176	384.536	392.895	401.255
013	342.636	351.202	359.768	368.334	376.900	385.466	394.032	402.598	411.164
014	351.098	359.875	368.653	377.430	386.208	394.985	403.762	412.540	421.317
015	359.768	368.762	377.757	386.751	395.745	404.739	413.733	422.728	431.722
016	368.653	377.869	387.085	396.302	405.518	414.734	423.951	433.167	442.383
017	377.757	387.200	396.644	406.088	415.532	424.976	434.420	443.864	453.308
018	387.085	396.762	406.440	416.117	425.794	435.471	445.148	454.825	464.502
019	396.644	406.560	416.477	426.393	436.309	446.225	456.141	466.057	475.973
020	406.440	416.601	426.761	436.922	447.083	457.244	467.405	477.566	487.727
021	416.477	426.888	437.300	447.712	458.124	468.536	478.948	489.360	499.772
022	426.761	437.431	448.100	458.769	469.438	480.107	490.776	501.445	512.114
023	437.300	448.233	459.165	470.098	481.030	491.963	502.895	513.828	524.760
024	448.100	459.302	470.505	481.707	492.910	504.112	515.315	526.517	537.719
025	459.165	470.645	482.124	493.603	505.082	516.561	528.040	539.519	550.999
026	470.505	482.267	494.030	505.792	517.555	529.318	541.080	552.843	564.605
027	482.124	494.177	506.230	518.283	530.336	542.389	554.442	566.495	578.548
028	494.030	506.381	518.731	531.082	543.433	555.784	568.134	580.485	592.836
029	506.230	518.886	531.541	544.197	556.853	569.509	582.164	594.820	607.476
030	518.731	531.700	544.668	557.636	570.604	583.573	596.541	609.509	622.478
031	531.541	544.830	558.118	571.407	584.696	597.984	611.273	624.561	637.850
032	544.668	558.285	571.901	585.518	599.135	612.751	626.368	639.985	653.601
033	558.118	572.071	586.024	599.977	613.930	627.883	641.836	655.789	669.742
034	571.901	586.199	600.496	614.794	629.091	643.389	657.686	671.984	686.281
035	586.024	600.675	615.326	629.976	644.627	659.277	673.928	688.579	703.229
036	600.496	615.509	630.521	645.534	660.546	675.558	690.571	705.583	720.596
037	615.326	630.709	646.092	661.475	676.858	692.241	707.624	723.008	738.391
038	630.521	646.284	662.047	677.810	693.573	709.336	725.099	740.862	756.625
039	646.092	662.244	678.396	694.549	710.701	726.853	743.006	759.158	775.310
040	662.047	678.598	695.150	711.701	728.252	744.803	761.354	777.905	794.457
041	678.396	695.356	712.316	729.276	746.236	763.196	780.156	797.116	814.076
042	695.150	712.528	729.907	747.286	764.664	782.043	799.422	816.801	834.179
043	712.316	730.124	747.932	765.740	783.548	801.356	819.164	836.972	854.780
044	729.907	748.155	766.402	784.650	802.898	821.145	839.393	857.641	875.888
045	747.932	766.630	785.329	804.027	822.725	841.424	860.122	878.820	897.519
046	766.402	785.562	804.722	823.883	843.043	862.203	881.363	900.523	919.683
047	785.329	804.962	824.595	844.228	863.862	883.495	903.128	922.761	942.394
048	804.722	824.841	844.959	865.077	885.195	905.313	925.431	945.549	965.667
049	824.595	845.210	865.825	886.440	907.055	927.670	948.284	968.899	989.514
050	844.959	866.083	887.207	908.330	929.454	950.578	971.702	992.826	1.013.950
051	865.825	887.471	909.116	930.762	952.407	974.053	995.699	1.017.344	1.038.990

Launatafla tekur gildi 1. júní 2018:

	0	1	2	3	4	5	6	7	8
001	263.351	269.935	276.518	283.102	289.686	296.270	302.854	309.437	316.021
002	269.854	276.601	283.347	290.093	296.840	303.586	310.333	317.079	323.825
003	276.518	283.431	290.344	297.257	304.170	311.083	317.996	324.909	331.822
004	283.347	290.431	297.514	304.598	311.682	318.765	325.849	332.933	340.017
005	290.344	297.603	304.862	312.120	319.379	326.637	333.896	341.155	348.413
006	297.514	304.952	312.390	319.828	327.266	334.704	342.142	349.579	357.017
007	304.862	312.483	320.105	327.726	335.348	342.969	350.591	358.212	365.834
008	312.390	320.200	328.010	335.819	343.629	351.439	359.249	367.058	374.868
009	320.105	328.107	336.110	344.113	352.115	360.118	368.120	376.123	384.126
010	328.010	336.210	344.410	352.610	360.811	369.011	377.211	385.411	393.612
011	336.110	344.513	352.915	361.318	369.721	378.124	386.526	394.929	403.332
012	344.410	353.020	361.631	370.241	378.851	387.461	396.072	404.682	413.292
013	352.915	361.738	370.561	379.384	388.207	397.030	405.853	414.676	423.498
014	361.631	370.671	379.712	388.753	397.794	406.835	415.875	424.916	433.957
015	370.561	379.825	389.089	398.353	407.617	416.881	426.145	435.409	444.673
016	379.712	389.205	398.698	408.191	417.683	427.176	436.669	446.162	455.655
017	389.089	398.816	408.544	418.271	427.998	437.725	447.453	457.180	466.907
018	398.698	408.665	418.633	428.600	438.568	448.535	458.502	468.470	478.437
019	408.544	418.757	428.971	439.184	449.398	459.612	469.825	480.039	490.252
020	418.633	429.099	439.564	450.030	460.496	470.962	481.428	491.893	502.359
021	428.971	439.695	450.419	461.144	471.868	482.592	493.317	504.041	514.765
022	439.564	450.553	461.543	472.532	483.521	494.510	505.499	516.488	527.477
023	450.419	461.680	472.940	484.201	495.461	506.722	517.982	529.243	540.503
024	461.543	473.081	484.620	496.158	507.697	519.235	530.774	542.313	553.851
025	472.940	484.764	496.587	508.411	520.234	532.058	543.881	555.705	567.528
026	484.620	496.735	508.851	520.966	533.082	545.197	557.313	569.428	581.544
027	496.587	509.002	521.417	533.831	546.246	558.661	571.076	583.490	595.905
028	508.851	521.572	534.293	547.014	559.736	572.457	585.178	597.900	610.621
029	521.417	534.452	547.488	560.523	573.558	586.594	599.629	612.665	625.700
030	534.293	547.651	561.008	574.365	587.723	601.080	614.437	627.795	641.152
031	547.488	561.175	574.862	588.549	602.236	615.924	629.611	643.298	656.985
032	561.008	575.033	589.058	603.083	617.109	631.134	645.159	659.184	673.209
033	574.862	589.234	603.605	617.977	632.348	646.720	661.091	675.463	689.834
034	589.058	603.785	618.511	633.238	647.964	662.691	677.417	692.143	706.870
035	603.605	618.695	633.785	648.875	663.966	679.056	694.146	709.236	724.326
036	618.511	633.974	649.437	664.900	680.362	695.825	711.288	726.751	742.213
037	633.785	649.630	665.475	681.319	697.164	713.009	728.853	744.698	760.542
038	649.437	665.673	681.909	698.144	714.380	730.616	746.852	763.088	779.324
039	665.475	682.111	698.748	715.385	732.022	748.659	765.296	781.933	798.570
040	681.909	698.956	716.004	733.052	750.099	767.147	784.195	801.243	818.290
041	698.748	716.217	733.686	751.154	768.623	786.092	803.561	821.029	838.498
042	716.004	733.904	751.804	769.704	787.604	805.504	823.405	841.305	859.205
043	733.686	752.028	770.370	788.712	807.054	825.396	843.739	862.081	880.423
044	751.804	770.599	789.394	808.190	826.985	845.780	864.575	883.370	902.165
045	770.370	789.629	808.889	828.148	847.407	866.666	885.926	905.185	924.444
046	789.394	809.129	828.864	848.599	868.334	888.069	907.804	927.538	947.273
047	808.889	829.111	849.333	869.555	889.777	910.000	930.222	950.444	970.666
048	828.864	849.586	870.307	891.029	911.751	932.472	953.194	973.915	994.637
049	849.333	870.566	891.800	913.033	934.266	955.500	976.733	997.966	1.019.200
050	870.307	892.065	913.823	935.580	957.338	979.096	1.000.853	1.022.611	1.044.369
051	891.800	914.095	936.390	958.685	980.980	1.003.275	1.025.570	1.047.865	1.070.160